

**Karl Gauti Hjaltason**

**11. nóvember 2021**

## **Athugasemdir við málsatvikalýsingu**

Málsatvikalýsing undirbúningskjörbréfanefndar á framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi leiðir glögglega í ljós þá fjölmörgu annmarka sem voru á framkvæmd yfirkjörstjórnar eftir að hún gaf út lokatölur að morgni sunnudags 26. september sl.

### **Um ritun fundargerðar**

Óvissa um ýmis atvik í störfum yfirkjörstjórnarinnar á sunnudeginum kemur berlega fram í málsatvikalýsingunni. Það eitt og sér undirstrikar nauðsyn þess rita fundargerðir jafnóðum, svo allar ákvarðanir séu þar skráðar um leið og þær eru teknar. Um þetta er fjallað í 19. gr. laga um kosningar til alþingis, þar sem segir að kjörstjórnir skuli bóka þar gerðir sínar. Allar kjörstjórnir í öllum sveitarfélögum landsins senda yfirkjörstjórnnum gerðabækur sínar eða staðfest ljósrit úr þeim strax á kosninganótt svo yfirkjörstjórn geti farið yfir atburði í kjördeildum sem máli geta skipt þegar atkvæði eru talin. Í 4. mgr. 103. gr. laganna er beinlínis áréttað um bókun í gerðabók samtímis atburði. Af hverju skyldi yfirkjörstjórn í einu kjördæmi vera undanþegin því að rita fundargerð jafnóðum á meðan á vinnu hennar stendur?

### **Ritun fundargerðar eftirá**

Undirritaður bendir á í þessu sambandi að þegar fundargerð er gerð tveimur dögum eftir fund, eins og upplýst hefur verið í þessu máli, er í raun erfitt að treysta ákveðnum bókunum í fundargerðinni og undir hvaða formerkjum þær bókanir eru gerðar. Nægir þar að nefna að strax á sunnudagskvöldinu flytja fjölmiðlar fréttir af umkvörtunum umboðsmanna um boðun þeirra í Borgarnes síðdegis á sunnudeginum. Texti fundargerðar um boðun umboðsmanna ber þess merki að vera ritaður eftir á. Einnig má benda á að kærar barst lögreglu um hádegisbil á mánudeginum þar sem meðferð kjörgagna var kærð. Fundargerðin ber með sér þá vitneskju, enda rituð eftir að það lá fyrir. Einnig má benda á að texti í fundargerðinni um að ákveðið atkvæði hafi ekki talist til ákveðinna flokka ber með sér að sá texti hefur orðið til eftir að ágreiningur um endurtalninguna var kominn upp.

### **Verkaskipting yfirkjörstjórnar**

Ekki hefur verið upplýst um verkaskiptingu yfirkjörstjórnarinnar, t.d. hvort hún hafi yfirhöfuð skipt með sér verkum eins og títt er með stjórnir sem slíkar, t.d. hvort enginn hafi verið kosinn ritari kjörstjórnarinnar.

### **Frumrit gerðabókar**

Í málavaxtalýsingu kemur ekki fram hvort frumrit gerðabókar yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis sé í höndum nefndarinnar. Ef svo er þarf það að koma fram og hvort þar séu frekari upplýsingar að finna sem gætu skipt máli.

### **Undirritanir í gerðabók**

Í málavaxtalýsingu kemur ekki fram hvort yfirkjörstjórnarmenn hafi aldrei ritað nafn sitt undir fundargerðina, eða hvort svo hafi ekki heldur verið á fyrri fundum yfirkjörstjórnarinnar.

### **Ákvörðun um endurtalningu**

Undirritaður gerir athugasemdir við málavaxtalýsingu hvað varðar ákvörðun um endurtalningu. Að mati undirritaðs hefur ekki fengist upplýst með fullnægjandi hætti hvort ákvörðun um endurtalningu hafi nokkru sinni verið tekin. Enn frekar hefur ekki verið leitt í

Ljós hver tók í raun ákvörðun um endurtalningu. Í málsatvikalýsingunni rekst hver frásögnin á annars horn í þessu tilliti og er helst að skilja á framburði hluta kjörstjórnar að ákvörðunin hafi verið tekin af Landskjörstjórn. Varla getur Alþingi sætt sig við að svo mikilvæg ákvörðun sem varðar þingsæti fjölmargra þingmanna liggi óupplýst með öllu?

### **Form funda**

Í málavaxtalýsingunni er talað um atburði um hádegisbil á sunnudeginum. Þá átti fundur yfirkjörstjórnar að hefjast kl. 13:00, en alls ekki liggur ljóst fyrir hvernig sá fundur fór fram. Í fyrsta lagi hvort allir kjörstjórnarmennirnir fimm hafi sest niður og rætt málin formlega, þar á meðal hvort ætti að endurtelja, eða hvort slík ákvörðun hafi verið tekin á hlaupum, jafnvel þegar einungis þrír eða fjórir úr kjörstjórninni voru mættir á staðinn, eins og helst er að skilja á framburði hluta kjörstjórnarinnar. Helst lítur út fyrir að á þessum tíma hafi hluti kjörstjórnar verið í önnum við að fara yfir atkvæðabunka, þegar kom að þeim tímamarki að yfirkjörstjórn var loksins fullskipuð Þetta er nauðsynlegt að upplýsa til fulls.

### **Athugasemdir eða efasemdir við lokatölur**

Í málavaxtalýsingunni kemur ekki skýrt fram hvaða skilning fulltrúar í yfirkjörstjórn aðrir en oddviti hafi haft á fundarfrestun kjörstjórnarinnar á sunnudagsmorgninum. Sérstaklega hvort þeir hafi talið að talningu hafi þá verið lokið eða hvort þeir hafi haft einhverjar efasemdir um þá niðurstöðu sem búið var að tilkynna sem lokatölur úr kjördæminu.

### **Geymsla kjörgagna**

Í málavaxtalýsingunni kemur ekki fram hvort aðrir meðlimir yfirkjörstjórnarinnar, en oddviti, hafi vitað af, eða samþykkt að kjörgögn yrði geymd með þeim hætti sem raun ber vitni um, fram að því að fundur átti að hefjast að nýju kl. 13:00.

### **Hvar voru þessi tvö atkvæði og hvaðan komu þau?**

Hvað varðar þau tvö atkvæði sem bættust við atkvæðafjöldann síðdegis á sunnudeginum, telur undirritaður að þar sé langt í frá að öll kurl sé komin til grafar. Í fyrsta lagi er óútskýrt hvernig bókhaldsvilla hvað varðar Ísafjörð geti leitt til þess að það vanti tvö atkvæði í talningasalinn í Borgarnesi, þótt þau vanti í exelskjál kjörstjórnar. Óupplýst er með öllu hvar eða í hvaða bunka þessi tvö atkvæði lágu að morgni sunnudags, eða hvaðan þau komu þegar talið var að nýju síðdegis á sunnudeginum.

Þau brot á kosningalögum, sem áttu sér stað við framkvæmd talningarinnar á sunnudeginum í Borgarnesi, sem ég tiltók í minni kærðu hafa ekki einungis verið staðfest með rannsókn nefndarinnar heldur hefur þeim fjölgað.

Með virðingu,

Karl Gauti Hjaltason